

## Uppfinningin sem allir þekkja

Ostaskerinn er apparat sem finnst á borðum allra landsmanna. En ekki þekkja allir til uppruna ostaskerans sem má rekja til Noregs en það var norsk smiðurinn Thor Bjørklund sem fann upp þetta undratæki. Árið var 1927 og á heitum sumardegri reyndi Thor að skera oststykki í þunnar sneiðar með misjöfnum árangri, fyrst með hnið og síðar með sög. Ekki gekk það vel og daginn eftir reyndi hann aftur með hefli sem hann notaði á við. Það gekk vel en var ekki sérstaklega hentugt svo hann reyndi aftur með þunnu stálblaði sem hann beygði. Það gekk aftur á móti vel og gerði hann nokkur eintök til að gefa vinum og nágrönum sem leist vel á hugmyndina. Seinna sama ár fékk Thor einkaleyfi á hugmyndinni sem nú er til og notuð um allan heim og við þekkjum sem ostaskera. -sh



## → HÖNNUARTRÍÓ SLÓGU Í GEGN Í MÍLANÓ

## Noregur segir

S á hönnunarhópur sem hefur vakið hvaða mesta athygli fyrir norska hönnun er teymi sem kallar sig Norway says.

Það samanstendur af þremur ungum hönnuðum, þeim: Torbjørn Anderssen, Espen Voll og Andreas Engesvik, sem tóku sig saman og sýndu lokaverkefni sín saman í Mílanó árið 2000. Varsýningin í Mílanó þykir góður stökkpallur fyrir unga upprennandi hönnuði og þetta ár var árið þeirra.

Þetta unga og spennandi teymi þótti sýna hvað væri að gerast í hönnun í Noregi og félagarnir hlutu bæði mikla umfjöllun og verkefni streymdu inn í kjölfarið.

Norsk hönnun hafði fram að þessu þótt óspennandi, þunglamaleg og litlaus. Í mótsögn við það þá þótti hönnun Norway says einföld, fersk og litrík og fengust þeir aðallega við hönnun heimilishluta en einnig tæknihluta svo



Skemmtilega einfalt ljós fyrir danska fyrirtækið Muuto.

Piparkvörn úr viði fyrir Muuto.



sem mp3 spilara. Blómatími þeirra var óumdeilanlega frá 2000 til 2005 en þá hlutu þeir sérstaka viðurkenningu frá Norsku hönnunarmiðstöðinni.

Samstarf þeirra Torbjørns, Espens og Andreas endaði þó, sem mörgum þótti miður, og gátu félagarnir ekki komið sér saman um hver skyldi eiga nafnið. Var Norway says því lagt niður og starfa þeir nú sjálfstætt með eigin stofur. -sh

## → TÍMAMÓT FERTUGUR Á ÁRINU

## Tripp Trapp undrið



Stokke-stóllinn eftir Peter Opsvik.

Flestir, ef ekki allir, þekkja barnstólinn sem nefndur er Tripp Trapp. Þar sem hönnun hans er fertug í ár eru miklar líkur á að mörg ykkar hafa notað slíkan stól í æsku og noti enn fyrir komandi kynslóðir.

Það var einmitt ungur norskur faðir, að nafni Peter Opsvik, sem hannaði stólinn fyrir son sinn Thor. Hann vildi að sonurinn gæti setið til borðs með fjölskyldunni á matmálistímum í sömu hæð og aðrir fjölskyldumeðlimir og úr varð hönnunin á Tripp Trapp.

Stokke-fyrirtækið í Noregi hóf framleiðslu á stólnum og fór salan frekar hægt af stað. En þegar norska sjónvarpið fjallaði um stólinn árið 1974 hófst sigurganga þessa fyrsta

barnastóls sem var í réttri hæð við eldhúsborðið.

Það sem gerir stólinn einstakan, líkt og margir þekkja sem hafa notað gripinn, er að hann vex með barninu. Það þýðir að hægt er að stilla stólinn eftir lengd og stærð barnsins til þess dags sem barnið er fullvaxið. Og stóllinn er ekki bara sniðugur í notkun heldur er hann einnig þaulhugsáður í framleiðslu.

Í dag er þessi stóll mest seldi barnastóll í heimi og hafa selst yfir sex milljónir eintaka frá því framleiðsla hófst. Óteljandi eftirlíkingar hafa birst en horfið jafnskjótt aftur af markaðnum enda er Stokke þekkt fyrir að vinna markvisst gegn slíkri framleiðslu.

Þó svo að stóllinn haldi nokkurn veginn sínu upprunalega útliti þá hafa aukahlutir bæst við í árunum.

Stóllinn er, og mun óumdeilanlega vera, eitt mest selda húsgagnið frá Noregi og er líklega ein þekktasta hönnunarvaran þaðan. -sh

## → ARKITEKTÚR NORÐMENN Á HEIMSMÆLIKVARÐA



Óperan í Ósló. Byggingin er ótrúlegt listaverk og er enginn svikinn af því að heimsækja hana. Ljósmynd/Jens Passoth

## Ævintýrið um Snöhettu

Noregur kemur ekki fyrstur upp í hugann þegar fjallað er um Skandinavíska hönnun. Danmörk, Svíþjóð og Finnland eru oftast nefnd í því samhengi en síðustu ár hefur norsk hönnun sótt hressilega í sig veðrið.

Velgengni norsku arkitektastofunnar Snöhettu hefur verið ævintýraleg undanfarið ár. Nú stendur yfir sýning á verkum hennar á Kjarvalstöðum en henni lýkur sunnudaginn 4. mars svo nú eru síðustu forvöð fyrir Íslendinga að njóta hennar.

Stofan var sett á laggirnar 1989 og hefur því verið starfrækt í 33 ár. Samtímis hefur hún vaxið og dafnað og hefur nú bækið í New York í Bandaríkjunum svo og í Ósló í Noregi.

Snöhetta hefur ávallt verið þekkt fyrir sérstaka nálgun í verkum sínum en þar spilar heildarumhverfið og upplifunin stóran þátt. Enda eru 25 prósent starfsmanna stofunnar landslags- eða innanhúsarkitektar.

Það sem gerir Snöhettu einstaka er þessi samhenging mismunandi þátta svo að heildarupplifunin lukkast sem best. Vegna þessa þá vinnur þessi stofa mörg framtíðar- og rannsóknarverkefni og er áhugavert að sjá hvernig þeir vinna með þætti svo sem siðferði og ábyrgð. Þeir blanda félagslegri ábyrgð, viðskipta og umhverfisþáttum inn í vinnuferlið í samræmi við heimspeki sína svo úr verður ekki bara bygging heldur heildræn sýn.

Það verk sem kom Snöhettu rækilega á kortið var hönnun óperuhússins í Ósló. Haldin var samkeppni árið 1999 og af 240 innsendum tillögum varð tillaga Snöhettu hlutskörpust.

Bygging óperunnar hófst sama ár og þar spila saman sterkir grunnþættir sem endurspeglast í vali á byggingarefninu. Skjannahvítur marmari töfrar gesti sem aðalbyggingarefni að utanverðu en þegar inn er komið þá heillar listavel útfærð innanhúshönnunin úr eik og gerir hvern mann orðlausan.

Byggingin stendur inni í Óslóarfirðinum og það nálgast hugleiðslu að sitja fyrir utan hana og horfa út á fjörðinn á falletum degi. Húsið er ótrúlegt listaverk og er enginn svikinn af því að heimsækja það.

Og ævintýri Snöhettu halda áfram. Í dag, eftir að hafa unnið flestar viðurkenningar og verðlaun sem til eru í bransanum, halda



Gestahús norsku hreindýrasamtakanna. Ljósmynd/Ketil Jacobsen

þau áfram að hanna sem aldrei fyrr. Verkefni eins og til dæmis menningarmiðstöð Saudi-Arabíu er einungis eitt af röð spennandi verkefna sem þau hafa sinnt síðustu ár. Listasöfn, rannsóknarsetur og fleira víðs vegar um heiminn er á afrekaskrá þessarar spennandi stofu og lengist listinn stöðugt.

Eitt nýjasta verkefni þeirra er sérstaklega áhugavert þó svo fari ekki mikið fyrir því en norsku hreindýrasamtökin fólu Snöhettu að teikna útsýnis- og fræðslubyggingu í Þjóðgarðinum á Dovrefjalli sem liggur í 1.250 metra hæð yfir sjávarmáli. Svæðið er þekkt fyrir villt dýralíf en einnig sögusagnir sem tengjast menningu og sögu Noregs. Gestastofan, sem er einungis 75 fermetrar, fellur ákaflega vel inn í umhverfið og er frábært dæmi um góða hönnun þar sem fullt tillit er tekið til umhverfisins.

Snöhetta er einungis á byrjunarreit og á eflaust eftir að skila af sér einstökum perlum til komandi kynslóða

Hægt er nálgast upplýsingar um Snöhettu á slóðinni www.snoarc.no og með því að kíkja á Kjarvalsstaði.

## HÖNNUN



Sigga Heimis

sigga@siggaheimis.com

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTSMÍÐJA

**NÝR**  
ENDURBÆTTUR  
VEFUR

Hannaðu fermingarkortið  
á **oddi.is**

oddi - umhverfisvottuð prentsmíðja. Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is